

1. Almennar upplýsingar

Heiti

Greiðslumiðlun

Umsjón hagtalna

Seðlabanki Íslands, Upplýsingatækni og gagnasöfnun

Tilgangur

Hagskýrslugerð um veltu greiðslukorta og fjölda færslna innlendra korta innanlands sem erlendis og erlendra korta hér á landi.

Heimildir

Mánaðarlegar skýrslur greiðslukortafyrirtækja til Seðlabanka Íslands.

Lagagrundvöllur

Gagnasöfnunin er á grundvelli [laga um Seðlabanka Íslands, nr. 92/2019](#), 32.gr.

2. Aðferðafræði

Hugtök og skilgreiningar

Heildarvelta. Velta greiðslukorta í hverjum mánuði er sýnd í milljónum króna eftir tegund greiðslumiðlunar; debetkort eða kreditkort. Upplýsingum um heildarveltu debetkorta og kreditkorta er skipt í veltu innanlands og veltu erlendis.

Færslufjöldi. Færslufjöldi segir til um samanlagðan fjölda færslna á greiðslukort í þúsundum talið þess mánaðar sem um ræðir. Fylgst er með færslufjölda innanlands sem erlendis.

Debetkort. Rafrænt kort sem millifærir beint á bankareikning eiganda kortsins. Velta og færslufjöldi innlendra debetkorta er skipt eftir notkun í verslun og þjónustu (önnur viðskipti en í banka), í banka og úttektir úr hraðbönkum hér á landi og erlendis.

Kreditkort. Rafrænt kort þar sem greiðslum er safnað saman hjá færsluhirðum til innheimtu mánaðarlega frá eiganda kortsins. Velta og færslufjöldi innlendra kreditkorta er skipt eftir notkun í verslun, í banka og úttektir úr hraðbönkum hér á landi og erlendis.

Erlend greiðslukort eru miðuð við útgáfustað en ekki búsetu eigenda þeirra.

Fjöldi útgefinna korta: Fjöldi útgefinna debet- og kreditkorta í lok tímabils í þúsundum talið.

Fjöldi virkra greiðslukorta: Virk kort eru þau sem notuð eru í hverjum mánuði.

3. Áreiðanleiki gagna

Greiðslukortafyrirtækin senda upplýsingar til Seðlabanka mánaðarlega og eru gögnin yfirfarin og frekari upplýsinga óskað sé frávik milli mánaða skoðunarvert.

4. Endurskoðun gagna

Almennt eru gögn ekki endurskoðuð nema fram komi leiðréttingar frá greiðslukortafyrirtækjunum sjálfum.

5. Birting

Gögn úr mánaðarskýrslum greiðslukortafyrirtækja eru tekin saman og birt sem samtölur einstakra greiðslumiðla, innanlands sem erlendis. Birting gagna er mánaðarlega á [Hagtölusíðu Seðlabankans](#). Gögnin eru aðgengileg á mánaðarlegri tíðni frá janúar 1998. Frá ársbyrjun 2013 er miðað við almanaksmánuð en áður við innheimtutímabil.

6. Annað

Greiðslukortafyrirtækin eru:

- Valitor hf.
- SaltPay IIB hf.
- Rapyd Europe hf.